

## Fundur Dagskráráðs 25. mars 2017 kl. 20:30 í Skátamiðstöðinni

Mættir: Harpa, Dagga, Erika, Tryggvi, Daði Már, Þórhallur

Dagskrá fundar:

1. Harpa setti fundinn strax að afloknum fundi með drekaskátaforingjum vegna drekaskátamóts
  - a. Kominn er grunnur að mótsstjórn: Unnur Líf Kvaran, Daði Björnsson, Daði Már Gunnarsson, Ísak Árni Pétursson og fleiri eiga eftir að bætast við. Lagt er upp með 3 ára mótsstjórn og mikla samvinnu við sveitarforingja. Fararstjórnafundur haldinn fyrir mót.
2. Aldursbilamót
  - a. Samþykktin frá skátaþingi segir ekkert – það er ráðsins að leggja fram hugmyndina.
    - i. Hugmynd að nota táknræna ramma hvers aldursbils. Þ.e. drekarnir vinna með skógarlíf, fálkarnir með landnemana og vísindin með dróttskátana.
      1. Úlfljótsvatn var búið að óska eftir að vera með eitt aldurbilið í tengslum við Camp Iceland.
      2. Drekar fá t.d eina nótt, fálkar þrjár nætur, dróttskátar 4 nætur og rekkar - verður að meta hvað er hægt að gera með þeim.
3. Sumarverkefni dagskráráðs í Skátablaðið
  - a. Tryggvi finnur verkefni á meðan fundinum stendur og sendir til Heiðar.
4. Erika kynnti viðburð sem hún fór á í Danmörku um páskana. Ekki ósvipað og peppið en þó viku langt.
5. Erika kynnti sína hugmynd að ferla viðburða.
6. Önnur mál:
  - a. Könnuðamerki aldursbila – vinnuhópur er að myndast og fer að vinna í því.
  - b. Umhverfishópur – þarf að ná honum saman og koma vinnu af stað.
  - c. Jakob í Upplýsingaráði og Laddi og Tryggvi þurfa að hittast varðandi heimasíðumálin

Næsti fundur 10. maí 2017 kl. 20:30

Fundi slitið 22:10

Fundinn ritaði Dagga